SVANSMERKIÐ
Prentgripur
1041 0858

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2666 Síðan 1968 55. árgangur
Fimmtudagur 15. september 2022
Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Skin og skúrir í KIA Gullhringnum

Sveinn Tjörvi Viðarsson og Saga Sveinsdóttir leggja af stað í 12 km Votmúlahring á sunnudag í blíðskaparveðri. Mynd: Dagskráin/BRV

KIA Gullhringurinn sem fram fór á Selfossi um síðustu helgi er umfangsmesta hjólreiðakeppni landsins. Keppnin var fyrst haldin árið 2012 og hefur verið haldin árlega síðan. Fyrst fór keppnin fram á Laugarvatni en sumarið 2021 var breytt um umhverfi og KIA Gullhringurinn fékk nýjan heimavöll á Selfossi.

Keppnin fór fram í ágætu veðri. Á laugardag gengu skúrir yfir þau sem hjóluðu 43-59 km en glampandi sól skein á þáttakendur í Votmúlahring fjölskyldunnar sem hjólaður var á sunnudaginn. Keppnisbrautirnar lágu um láglendið í kring og keppendur þræddu sig um Árborgarsvæðið með viðkomu á Stokkseyri og Eyrarbakka. Mottó KIA Gullhringsins er “Allir hjóla, allir vinna og allir velkomnir” og er hægt að velja sér vegalengd eftir getu hvers og eins. Allt þekktasta hjólreiðafólk landsins hefur tekið þátt í keppninni í gegnum árin og það sem skemmtilegra er að nýliðar í sportinu hafa notað KIA Gullhringinn sem fyrstu keppnina sína og þannig formlega innkomu sína í sportið.

Hæsta tré á Íslandi frá því fyrir ísöld

Forsætisráðherra var boðið til athafnar í skóginum á Kirkjubæjarklaustri í vikunni þar sem hæsta tré landsins var útnefnt tré ársins af Skógræktarfélagi Íslands. Björn Traustason, fagstjóri landupplýsinga á rannsóknasviði Skógræktarinnar, leiðbeindi Katrínu við þríhyrningsmælingu á trénu sem er sitkagreni gróðursett af fjölskyldunni á Klaustri árið 1949 og reyndist það vera 30,15 metrar á hæð. Mælingu Katrínar var bætt við röð mælinga sem Björn hafði þegar gert á trénu til að fá sem nákvæmasta tölu. Niðurstaðan er sú að fyrsta tréð hefur nú náð þrjátíu metra hæð á Íslandi frá því fyrir ísöld þegar hér uxu stórvaxnar trjátegundir sem náð gátu margra tuga metra hæð.

Í ávarpi sem Katrín flutti við tréð á Klaustri talaði hún um mikilvægi skóga og skógræktar. Hún nefndi nýsamþykkta landsáætlun um landgræðslu og skógrækt, Land og líf, og þann mikilvæga þátt sem áætlunin væri í markmiðum Íslendinga í loftslagsmálum. Þar fyrir utan ætti hún sjálf kærar minningar frá þessum stað frá því þegar hún sýndi tilvonandi manni sínum skóginn snemma í sambandi þeirra.

Um áttatíu voru viðstödd athöfnina, heimafólk og fulltrúar eigenda skógarins, Skógræktarinnar og Skógræktarfélags Íslands. Auk forsætisráðherra fluttu ávörp Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri og Hafberg Þórisson í Lambhaga sem var bakhjarl viðburðarins.

Frá vinstri: Hafberg Haraldsson í Lambhaga, Fanney Lárusdóttir, fulltrúi eigenda skógarins, Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands. Ljósmynd: Pétur Halldórsson.

Skógræktarfélag Selfoss 70 ára

Skógræktarfélag Selfoss varð 70 ára fyrr á þessu ári. Félagið var stofnað á fundi í Tryggvaskála 16. maí 1952 og varð strax deild innan Skógræktarfélags Árnesinga. Tilgangur félagsins var skv. 2. grein félagslaga „að efla trjárækt innan bæjarins og planta skógi á ræktunarsvæðum Selfossbæjar og Skógræktarfélags Árnesinga". Skógræktarfélag Selfoss hefur unnið óslitið að þessum markmiðum undarfarin 70 ár og plantað í reiti á Selfossi og á Snæfoksstöðum, skógræktarjarðar í Grímsnesi í eigu Skógræktarfélags Árnesinga. Þá hefur félagið lagt áherslu á að veita félagsmönnum fræðslu um skóg- og trjárækt með fyrirlestrum, myndasýningum, leiðbeiningum og ferðum innan héraðs og utan.

Á þessum sjötíu árum hafa félagsmenn plantað í þrjú svæði. Fyrstu 18 árin var gróðursett í „Rauðholtsgirðinguna" á Selfossi (á núverandi íþróttavallarsvæði og Gesthúsalóð). Ræktunin þar gekk á köflum brösuglega og tíðir gróðureldar og ágangur búfénaðar varð til þess að félagið hætti að gróðursetja í það svæði. Eftir standa þó nokkur myndarleg grenitré og birkiræklur sem sluppu við eldana en hluti svæðisins hefur nú verið tekin undir aðra starfsemi.

Á árunum 1970-1984 var gróðursett í reit Skógræktarfélags Selfoss á Snæfoksstöðum í Grímsnesi í girðingu sem Skógræktarfélags Árnesinga á og rekur. Þar var einkum plantað stafafuru sem hefur vaxið vel og myndar nú fallegan skóg. Frá árinu 1986 hefur Skógræktarfélag Selfoss eingöngu plantað í Hellisskóg við Selfoss. Árið 1985 var gerður samningur við Selfossbæ um friðun og ræktun á 54 hekturum lands upp með Ölfusá norðan megin árinnar, í svokallaðri Hellismýri. Árið 1994 var svæðið stækkað um 72 hektara. Samtals er starfssvæðið í Hellisskógi því orðið 126 hektarar. Svæðið var strax nefnt Hellisskógur þó ekki væri neinn skógurinn. Landið var þá mjög illa farið eftir langvarandi ofbeit hrossa og sauðfjár. Mýrlendið var víða gróðurlítið, útsparkað drullusvað og í holtunum voru stór rofaborð og hvergi tré.

Plöntun hófst vorið 1986, en þá var plantað 2000 víðiplöntum í skjólbelti rétt innan við aðalinnganginn neðst á svæðinu. Árlega hefur verið plantað 1000- 50000 trjám í svæðið. Nú hefur nokkur hundruð þúsund trjám af rúmlega 50 tegundum verið plantað í Hellisskóg. Vöxtur og viðgangur trjágróðurs í Hellisskógi hefur verið framar vonum og á stóru svæði er nú að vaxa upp skógur sem er farinn að standa undir nafni.

Frá upphafi framkvæmda í Hellisskógi hafa sjálfboðaliðar á vegum skógræktarfélagsins árlega unnið 2-8 kvöld við plöntun og önnur störf. Nokkur félagasamtök og klúbbar hafa einnig komið og plantað. Eitt af þessum félögum er Lionsklúbbur Selfoss sem fékk úthlutað svæði til ræktunar og byggt það upp á myndarlegan hátt. Hópar frá grunnskólum hafa plantað birkitrjám og vinnuflokkar frá vinnuskólanum á Selfossi hafa unnið í Hellisskógi í mörg ár. Lagðir hafa verið akvegir og göngustígar um hluta svæðisins. Í sumar voru þrjár gönguleiðir litamerktar og gönguleiðakort verða vonandi sett upp bráðlega. Settir hafa verið upp bekkir og borð við göngustíga, þannig að upplagt er fyrir fólk að ganga um svæðið og setjast niður með nesti og njóta útiveru í ört vaxandi útivistarskógi. Vegir og stígar í Hellisskógi eru nú um 8 km að lengd. Einnig hafa verið sett upp hreyfitæki fyrir almenning í skóginum til að auka enn frekar notkunarmöguleika á svæðinu. Hellirinn hefur verið grafinn út og útbúinn þannig að fólk geti sest niður inni í honum. Á komandi árum er stefnt að áframhaldandi plöntun og markvissri aukningu í stígagerð til að auka enn útivistarmöguleika svæðisins. Talsverður fjöldi gesta heimsækir Hellisskóg dag hvern og er svæðið orðið er eitt helsta útivistarsvæði Selfyssinga rétt eins og stefnt var að í upphafi. Framkvæmdir í Hellisskógi hafa verið fjármagnaðar með félagsgjöldum, gjafafé frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum auk árlegra styrkveitinga frá Sveitarfélaginu Árborg. Einn helsti stuðningsmaður félagsins var Júlíus Steingrímsson, Júlíus var mikill áhugamaður um trjárækt og ánafnaði félaginu stóran hluta af eigum sínum, en Júlíus lést árið 2003. Minnisvarði um þennan velgjörðarmann hefur verið reistur í Hellisskógi. Minnisvarðinn er steinlistaverk er nefnist „Hornsteinn og aðrir steinar á og við horn" og var hannaður og reistur af Þór Sigmundssyni steinsmið. Í Hellisskógi er að vaxa upp myndarlegt trjásafn sem er kostað af gjafafé Júlíusar.

Rauðholtsskógurinn í september 2022.

Myndarlegur stafafuruskógur á Snæfoksstöðum. Þarna var plantað árin 1974 - 1984.

Vinnusvæði Skógræktarfélags Selfoss síðustu 36 árin.

Sigling út í Laugardælaeyju 17. sept nk.

Í tilefni afmælisins ætlar félagið að bjóða upp á ferð í Neðri Laugadælaeyju laugardaginn 17. september næstkomandi ef veður leyfir. Bátasveit Björgunarfélags Árborgar mun sjá um að ferja gesti út í eyju og allir eru velkomnir. Ferðir verða í boði kl. 10 - 12 og er siglt frá Árvegi rétt neðan við Björgunarmiðstöðina. Æskilegt er að gestir séu í stígvélum eða vatnsheldum skóm.

Í Neðri Laugardælaeyju vaxa tvö silfurreynitré sem vert er að skoða. Þau eru meðal elstu trjáa á Íslandi. Um 1890 gróðursetti Guðmundur Guðmundsson héraðslæknir í Laugardælum silfurreynitrén í Fremri Laugardælaeyju í Ölfusá við Selfoss. Trén eru mikil um sig og virðast vera vel lifandi þrátt fyrir háan aldur. Silfurreynir getur orðið 400 ára. Úr eyjunni er gott útsýni yfir í Hellisskóg.

Hellisskógur er góður minnisvarði um starf félagsins síðustu 36 árin og þar hefur vel tekist til. Þó svo félagið eldist og aðstæður í þjóðfélaginu hafi breyst þá hefur starf Skógræktarfélags Selfoss haldið áfram og mun vonandi eflast enn frekar næstu áratugi.

Heimasíða Skógræktarfélags Selfoss er www.hellisskogur.is og félagið er einnig á Facebook. Félagsmenn eru nú um 140 og mikil þörf er fyrir nýliða í félagið. Á heimasíðunni eru upplýsingar um nýskráningu í félagið.

Núverandi stjórn skipa: Örn Óskarsson, formaður, Snorri Sigurfinnsson, Hermann Ólafsson, Björgvin Eggertsson og Hlíf Böðvarsdóttir.

JACK&JONES
JACK&
JONES
NÚ Í STÆRÐUM XS - 8XL
Við kynnum nýja og spennandi línu í Jack & Jones.
Enn meira úrval og stærðir fyrir hávaxna og stóra menn.
Skoðaðu úrvalið á www.jackandjones.is
FRÍ SENDING Á PÖNTUNUM YFIR 10.000 KR.

Elsti starfandi barnaskóli landsins fagnar 170 ára afmæli

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri nær nú í október þeim merka áfanga að verða 170 ára. Þá mun skólinn standa fyrir afmælishátíð þann 22. október og bjóða þangað gestum og gangandi. Þar verða meðal annars í boði ræðuhöld, sýningar, skemmtiatriði og veitingar. Ýmsir góðir gestir munu heiðra skólann með nærveru sinni og er það umhugsunarefni hvort þú kæri lesandi ert ekki einn af þeim. Nánari tilkynning og dagskrá verður birt þegar nær dregur.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Starfsemi Félags eldri borgara Selfossi

Um þessar mundir er starf Félags eldri borgara Selfossi, FEBSEL, að fara í gang og fólk farið að hittast í Grænumörk og í nýju Selfosshöllinni. Stjórnin hefur frá því byrjun ágúst unnið við að koma saman stundaskrá sem verður kynnt í Opnu húsi í Mörk kl. 14:45 fimmtudaginn 22. september n.k. Búast má við að í boði verði hátt í 30 viðburðir fimm daga vikunnar. Flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Búast má við að einhverjir muni standa frammi fyrir því að þurfa að velja á milli viðburða sem verða á sama tíma. Sem dæmi má taka að margir hafa sótt styrktaræfingarnar í Selfosshöllinni og orðið að velja á milli þeirra og annara viðburða. Reynt hefur verið af fremsta megni að raða viðburðum þannig niður að þeir rekist ekki á annað en í sumum tilvikum hefur það ekki gengið af ýmsum ástæðum. Eins og viðbúið er detta einhverjir atburðir út en aðrir nýir koma inn. Það sem er nýtt er t.d. kínaskák, pílukast og tafl. Í fyrra var byrjað með leiklestur, línudans og dans auk þess handavinnuverkefni sem ber heitið Pappír pappír og felst í því að bleyta pappír og gera úr honum alls konar listmuni. Auk alls þess sem fest er í stundaskrá er stefnt á árshátíð, aðventuhátíð og leikhúsferðir o.fl.

Stjórn FEBSEL er þannig skipuð frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 24. mars 2022: Þorgrímur Óli Sigurðsson formaður, Ólafía Ingólfsdóttir varaformaður, Guðrún Guðnadóttir gjaldkeri, Guðrún Þóranna Jónsdóttir ritari, Gunnþór Gíslason meðstjórnandi, Ólafur Sigurðsson og Valdimar Bragason varamenn. Stjórnin hefur látið gera barmmerki af hinu fallega einkennismerki félagsins. Merkið verður opinberað og afhent þegar stundaskráin verður kynnt í Opnu húsi.

Þorgrímur Óli Sigurðsson, formaður Félags eldri borgara Selfossi.

Opið fyrir umsóknir í íþrótta- og afrekssjóð

Heilsu-, íþrótta- og æskulýðsnefnd óskar eftir umsóknum í íþrótta- og afrekssjóð Rangárþings eystra. Rétt til umsóknar eiga allir íþróttamenn sem eru með lögheimili í Rangárþingi eystra og stunda íþrótta þar eða stunda íþrótt sem ekki er mögulegt að stunda í sveitarfélaginu. Umsækjendur verða að vera 14 ára eða eldri. Einungis íþróttagreinar sem eru viðurkenndar innan ÍSÍ koma til greina við úthlutun styrkja.

Markmið sjóðsins er að veita einstökum íþrótta- eða afreksmönnum fjárstuðning til að auðvelda þeim æfingar og þátttöku í keppnum. Umsóknum skal fylgja: Áætlanir um æfingar og fyrirhugaða þátttöku í æfingum og keppnum, fjárhagsáætlun, kennitala og reikningsnúmer.

Umsóknum skal skilað á netfangið heilsueflandi@hvolsvollur.is fyrir 1. október 2022.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SJÁLFSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Gömul fengsæl fiskimið,
fastur líka uxann við.
Bæjarnafnið frægt ég fann,
af ferðamanni dreginn hann.

Svar við gátu í blaði 2665: **KRABBI**
1. Opnanlelur kjaftur á moksturstæki
2. **Krabba**mein

Sunnlenski matgæðingurinn

Guðbjörg Björgvinsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég þakka þér Maja mín kærlega fyrir áskorunina.

Eins og gefur að skilja hafa matarhefðir mínar, eins og flestra annara breyst mikið frá því í upphafi ferilsins sem er orðinn nokkuð langur.

Það var gaman að elda, vanda sig og gleðja fjölskylduna með góðum mat en nú eru fuglarnir flognir úr hreiðrinu. Í dag finnst okkur hjónunum gaman að gleðjast yfir góðum mat með góðum vinum og ég kýs að hafa hann einfaldan án mikillar fyrirhafnar.

Dæmi um matarboð:

Forréttur.
Klettasalat borið fram í nokkuð víðri skál eða fati.
Tvíreykt hangikjöt þunnt sneitt blandað í salatið.
Köld piparsósa.

Aðalréttur.
Ofnbakaður lax (helst villtur). Laxaflökin lögð í smurt eldfast mót. Skorið í flökin með ca.4 cm millibili til hálfs niður í fiskinn. Dala-fetaostur í kryddolíu eða gullostur stappaður og honum smurt niður í skurðarraufarnar, kryddað með salti og pipar, möndlukurli stráð yfir flökin, að lokum er safa úr hálfri til einni sítrónu dreift yfir fiskinn. Sett inn í 180-190 stiga heitan ofn. Eldunartími fer eftir þykkt flakanna.

Uppskerutíminn er í fullum gangi og því eru gullauga kartöflur með hýðinu og bráðið smjör ásamt brakandi fersku grænmeti af ýmsum gerðum ómissandi á diskinn.

Eftirréttur.
Slatti af íslenskum bláberjum, sett í glas á fæti.
Slatti af grískri jógúrt látin yfir.
Að síðustu hlynsýróp eftir smekk.
Ekki gleyma kertaljósi á borðið.

Að lokum vil ég tilnefna tengdadóttur mína Ingu Rún Björnsdóttur sem næsta matgæðing. Hún er snillingur á mörgum sviðum þ.á.m. í matargerð.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.

Minerva og Röskva

Pop up kaffihús fyrir Rauða krossinn

Tvær ungar stúlkur í Hveragerði, þær Minerva Marteinsdóttir og Röskva María Daníelsdóttir opnuðu kaffihús í heimahúsi og buðu upp á kaffi, eggjabrauð og fleira til þess að safna fé fyrir Rauða krossinn. Tókst þeim stöllum að afla 10.000 króna sem þær afhentu Rauða krossinum í Hveragerði og hyggja stelpurnar á að gera kaffihúsið að mánaðarlegum viðburði þar sem ágóðinn kemur til með að renna til Rauða krossins.

Nýr Kia Niro gefur nýja ásýnd á götunum og ryður brautina fyrir rafknúnum samgöngum til framtíðar. Nýr Niro verður fáanlegur með 100% rafmagni með allt að 460 km drægi, Plug-in Hybrid og Hybrid. Honum fylgir nýtt útlit, nýstárlegt farþegarými og ný yfirbygging sem gerð eru úr sjálfbærum efnum og undirstrikar framtíðarsýn Kia. Með því að bjóða upp á umhverfisvænni valkosti býðst þér útfærsla sem stuðlar að grænni framtíð.

Nýr Niro verður frumsýndur laugardaginn 17. september milli 12-16 í sýningarsal okkar.
Komdu, reynsluaktu og upplifðu töfrana.

Við hlökkum til að sjá þig.

BÍLASALA SELFOSS

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

Bílasala Selfoss · Hrísmýri 3, 800 Selfoss · Sími 480 4000 · bilasalaselfoss.is
Viðurkenndur söluaðili Kia á Íslandi.

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

Fimm ungir semja!

FÓTBOLTI Þeir Sesar Örn Harðarson, Dagur Jósepsson, Elvar Orri Sigurbjörnsson, Alexander Clive og Arnór Elí Kjartansson skrifuðu á dögunum undir tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss.

Alexander Clive er fæddur árið 2005 og spilar sem miðjumaður. Hann hefur verið með fyrirliðabandið í 2.flokki í sumar á sama tíma og hann hefur stigið sín fyrstu skref með meistaraflokki. Alexander skoraði sitt fyrsta meistaraflokksmark í sumar þegar hann skoraði í stórsigri á Þrótti V. Alexander hefur einnig verið í æfingahópum yngri landsliða.

Dagur Jósefsson er fæddur árið 2006 og leikur í hjarta varnarinnar sem miðvörður. Dagur lék með 2. og 3. flokki í sumar. Dagur á að baki 5 leiki fyrir yngri landslið Íslands og hefur hann borið fyrirliðabandið í tveimur þeirra.

Sesar Örn Harðarson er einnig fæddur árið 2006 en hann spilar sem sóknarmaður. Sesar hefur leikið með 2. og 3. flokki í sumar ásamt því að hafa æft með meistaraflokki og spilað tvo leiki með þeim. Sesar hefur verið í æfingahópum yngri landsliða.

Elvar Orri Sigurbjörnsson er sóknarmaður sem er fæddur árið 2005. Elvar hóf sumarið á því að spila með 2.flokki Selfoss áður en hann skipti yfir í Árborg þar sem hann klárar tímabilið. Elvar er búinn að skora fjögur mörk í þremur leikjum fyrir Árborg. Elvar hefur verið í æfingahópum yngri landsliða.

Arnór Elí Kjartansson stendur vaktina á milli stanganna. Hann er fæddur árið 2005 en hann hefur æft með meistaraflokk og verið mikið í leikmannahópi Selfoss í Lengjudeildinni í sumar. Auk þess hefur hann spilað í markinu með 2. flokki í sumar. Líkt og hinir fjórir hefur Arnór einnig verið í æfingahópum yngri landsliða.

UMFS

íþróttir

Selfoss Íslandsmeistari í 5. flokki karla E 2022

FÓTBOLTI Lið Selfoss vann sinn riðil á íslandsmótinu nokkuð örugglega, en þeir sigruðu alla sína níu leiki, skoruðu 62 mörk og fengu á sig 10.

Selfoss landaði Íslandsmeistaratiltlinum eftir að hafa sigrað tvo leiki í úrslitakeppni E liða. Strákarnir mættu FH í undanúrslitum og vannst sá leikur 4-2.

Úrslitaleikur mótsins var spilaður við frábærar aðstæður á JÁVERK-vellinum gegn Valsmönnum. Leikurinn vannst 5-2 og íslandsmeistaratitillinn í hús.

Óskum liðinu til hamingju með árangurinn. *UMFS*

Besta-deild kvenna

Jafntefli gegn Stjörnunni

FÓTBOLTI Selfoss og Stjarnan gerðu 1-1 jafntefli er liðin mættust á Jáverk-vellinum í 15. umferð Bestu-deildar kvenna á dögunum.

Stjörnukonur byrjuðu leikinn betur og ógnuðu marki Selfyssinga í nokkur skipti í upphafi leiks. Mest voru þetta þó hálffæri og Tiffany Sornpao lenti ekki í miklum vandræðum í marki Selfyssinga.

Þrátt fyrir góða byrjun gestanna vou það heimakonur sem voru fyrri til að brjóta ísinn. Á 18. mínútu leiksins fékk Bergrós Ásgeirsdóttir boltann úti á kanti og kom honum fyrir markið. Miranda Nild gerði þá virkilega vel í að koma sér fram fyrir varnarmenn Stjörnunnar og stýrði boltanum snyrtilega í netið.

Eftir markið róaðist leikurinn og liðin skiptust á að klappa boltanum. Stjörnukonur voru þó fyrri til að koma sér í gang aftur og á 38. mínútu jafnaði Gyða Kristín Gunnarsdóttir metin fyrir gestina eftir fyrirgjöf frá Önnu Maríu Baldursdóttur. Gyða stóð þá ein og óvölduð inni á teignum og eftirleikurinn var auðveldur.

Líkt og eftir fyrra markið róaðist leikurinn á ný og hálfleikurinn rann sitt skeið. Staðan var því 1-1 þegar liðin gengu til búningsherbergja.

Síðari hálfleikurinn var svo keimlíkur þeim fyrri. Lítið var um færi og liðin skiptust á að klappa boltanum.

Stjörnukonur voru þó sterkari aðilinn í seinni hálfleiknum og eftir því sem leið á settu þær meiri pressu á Selfyssingana.

Vörn heimakvenna stóð þó vel og gestirnir áttu í erfiðleikum með að búa sér til opin marktækifæri. Þeim tókst það þó í tvígang í hálfleiknum, en Tiffany Sornpao stóð vaktina vel í marki Selfyssinga og varði vel í bæði skiptin.

Að lokum fjaraði leikurinn út og eftir nokkuð langan uppbótartíma var flautað til leiksloka. Niðurstaðan því 1-1 jafntefli í nokkuð bragðdaufum leik í sólinni á Selfossi.

Selfoss á Evrópumót í hópfimleikum

FIMLEIKAR Dagana 14.-17. september nk fer fram Evrópumót í hópfimleikum 2022 í Lúxemborg. Frá fimleikadeild Selfoss fara tveir þjálfarar og fjórir iðkendur.

Þjálfararnir Aníta Þorgerður Tryggvadóttir er landsliðsþjálfari unglingaliðs drengja og Michal Risský er landsliðsþjálfari unglingaliðs blandaðra liða.

Iðkendur deildarinnar Hera Lind Gunnarsdóttir og Karonlína Helga Jóhannsdóttir keppa með kvennaliði unglinga, Birta Sif Sævarsdóttir keppir með kvennaliði fullorðinna og Sindri Snær Bjarnason keppir með karlaliði fullorðinna.

Kvennalið fullorðinna eiga titil að verja en þær urðu Evrópumeistarar á síðasta Evrópumóti. Kvennalið unglinga og karlalið fullorðinna höfnuðu bæði í 3. sæti á síðasta Evrópumóti og Ísland sendir nú í fyrsta sinn unglingalið drengja til keppni. Það verður því spennnandi að fylgjast með gengi íslensku liðanna.

Mikið verður um að vera í kringum mótið en í Smáralind verður svokallað Fanzone á sjálfan úrslitadaginn þann 17. september nk. Nánari auglýsing er inná www.fimleikasamband.is.

Fimleikadeild Selfoss er afar stolt af þjálfurum og iðkendum sínum. Við óskum öllum góðs gengis. *UMFS*

Frábær árangur hjá iðkendum UMFS

MOTOCROSS Fimmta og síðasta umferð Íslandsmeistaramótsins í motocross fór fram í Bolaöldu þann 27. ágúst á vegum Vélhjólaklúbbsins VÍK í blíðaskaparveðri þar sem rúmlega 75 keppendur tóku þátt. Fjöldi iðkennda keppti fyrir hönd UMFS og komust nokkrir þeirra á pall. Eric Máni Guðmundsson tryggði sér Íslandsmeistaratitil með akstri sínum í unglingaflokki og lenti í fyrsta sæti í sínum flokki eftir daginn, Alexander Adam Kuc lenti í öðru sæti í MX2, Ragnheiður Brynjólfsdóttir lenti í þriðja sæti í kvennaflokki 30+, Ásta Petrea Hannesdóttir lenti í fjórða sæti í kvennaflokki.

Keppir á stórmóti í Belgíu

MOTOCROSS Selfyssingurinn Alexander Adam Kuc hefur verið valinn í unglingalandslið Íslands (U21) í motocrossi og mun hann leggja land undir fót í lok september. Annarsvegar er förinni heitið til Belgíu þar sem hann mun keppa á stórmótinu Coupe de l'Avenir sem haldð verður í 50. skiptið í ár og hinsvegar kemur Alexander til með að taka þátt í Danish championship í Danmörku.

Gonzalo framlengir við Selfoss

FÓTBOLTI Spænski kantmaðurinn, Gonzalo Zamorano, hefur skrifað undir tveggja ára framlengingu á samning sínum við knattspyrnudeild Selfoss.

Gonzalo kom til liðsins frá ÍBV í vetur og hefur hans fyrsta tímabil á Selfossi verið frábært. Hingað til hefur hann skorað 14 mörk fyrir félagið í öllum keppnum.

„Ég elska að vera á Selfossi. Félagið og liðið er að vaxa í rétta átt og ég vil vera partur af því. Ég hef mikla trú á þjálfurunum og liðinu. Ég er viss um að liðið verði betra á næsta tímabilið með alla þessa frábæru ungu leikmenn sem verða reynslumeiri og enn betri á næsta ári," sagði Gonzalo við undirskriftina.

Bláskógaskóli Laugarvatni
Virðing • Vináttа • Gleði

Bláskógaskóli Laugarvatni leitar að starfsmönnum í eftirfarandi störf:

Aðstoðar matráður - leikskóladeild, hlutastarf
Kennari á leikskóladeild, 100 % staða.

Við leitum eftir einstaklingum sem:
- eru jákvæðir og samstarfsfúsir
- eru áhugasamir fyrir útinámi og að þróa sig í starfi
- eiga auðvelt með að aðlagast breytingum
- eru sveigjanlegir og taka jákvætt í hugmyndir barna og samstarfsfólks

Umsóknarfrestur er til 1. október og er mikill kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Umsóknir skulu berast í tölvupósti á elfa@blaskogaskoli.is. Ferilskrá og stutt kynningarbréf skulu berast með umsókn.

Ef ekki fæst kennari til starfa er litið til starfsreynslu og/eða háskólamenntunar.

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð** og **samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á *www.sass.is*

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 4. OKTÓBER, KL. 16:00

RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND
Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.

STYRKIR@SASS.IS S. 480-8200 WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af
SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS
SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

Harpa Heimisdóttir
842 0204

Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

†

Faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Nils Ólafsson
fyrrum bóndi að Sólvangi
við Eyrarbakka

lést 19. ágúst á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum Selfossi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til starfsmanna Ljósheima fyrir góða umönnun og blítt viðmót. Þökkum fyrir auðsýnda samúð.

Lísbet Nilsdóttir **Ragnar Gíslason**
Ólafur Nilsson **Rósa Rútsdóttir**
Linda Rut Ragnarsdóttir **Eyþór Björnsson**
Gísli Einar Ragnarsson **Erna Rut Pálsdóttir Villarel**
Jóna Þórunn Ragnarsdóttir **Ólafur Hafliðason**
og langafabörn

BÁRAN
STÉTTARFÉLAG

Félagsfundur Bárunnar

Almennur félagsfundur, Bárunnar, stéttarfélags verður haldinn í sal félagsins að Austurvegi 56 3. hæð, mánudaginn 19. september nk.

Fundurinn byrjar með kjötsúpu kl. 18:00 í boði Bárunnar, stéttarfélags.

Dagskrá:
1. Kosning fulltrúa á Þing Alþýðusambands Íslands 10.-12. október 2022.
2. Hverjar eru horfurnar í kjaramálum.
3. Staðan í Verkalýðshreyfingunni.
4. Önnur mál.

Félagar, látum okkur málin varða.

Stjórn Bárunnar, stéttarfélags.

Rotaryklúbbur Selfoss til liðs við garðyrkjudeild Árborgar

Eflaust hafa margir Selfyssingar tekið eftir því að nýlega voru allmörg tré fjarlægð við Eikatún, sparkvöllinn við Vallaskóla. Að sögn Guðlaugar Friðrikku Þorsteinsdóttur, garðyrkjustjóra Árborgar, voru trén komin að lokum lífdaga og voru ekki til neinnar prýði lengur. „Þegar hafði verið ákveðið að setja niður 50 ný tré og runna og við í Rotaryklúbbi Selfoss buðum fram aðstoð við að koma þeim niður í mold. Margar hendur unnu létt verk undir dyggri verkstjórn Gullu og Hlífar, starfsmanna Árborgar og tók verkið ekki nema klukkustund. Við í Rotaryklúbbnum vonum að þessar plöntur eigi eftir að vaxa og dafna á þessum stað, íbúum, skólabörnum og öllum til ánægju og yndisauka,“ segir Ragnar Viðarsson, meðlimur í Rotaryklúbbi Selfoss.

Margt á seyði á listalínu

Myndlistarnemar FSu halda nú áfram uppteknum hætti við að setja upp sýningu í opinberu sýningarrými utan skólans. Það eru nemendur í framhaldsáföngum sem fá þjálfun í uppsetningu og kynningu á eigin verkum. Að þessu sinni eru það nemendur í áfanganum Teikning sem er á þriðja þrepi sem sýna í Listagjánni á Bókasafni Árborgar 20. sept. – 20. okt. Verkin eru unnin á vorönn 2022.

Í áfangnum, sem er framhaldsáfangi í teikningu, er eingöngu unnið með blýant eins og nafnið bendir til. Nemendur hljóta þjálfun í alls konar fríhendis blýantsteikningum, skyggingum náttúru, hluta, manna og dýra og reyna að ná raunsæjum og súrrealískum áhrifum.

Það er margt á seyði á listalínu FSu og áhugi nemenda mikill.

Boðið er upp á fjölbreytt úrval áfanga sem opnir eru öllum nemendum burtséð frá því hvort þeir eru á brautinni eður ei. Það er alltaf gefandi og gaman fyrir kennsluna að fá eldra fólk með áhuga á skapandi greinum inn í hinn hefðbundna nemendahóp.

Meðal hins mikla úrvals af skapandi áföngum sem boðið er upp á í FSu ásamt myndlist má nefna stafræna smiðju, Fablab, ljósvakamiðlun, leiklist, textíl hönnun, grafíska hönnun og grafíska miðlun.

Veggjalistin er sýning sem alltaf er opin áhorfendum en um er að ræða vegg er vísar að bílastæði FSu og er tæplega 100 metra langur. Nú hefur hin hlið veggjarins bæst við þ.e. sá sem snýr að íþróttasvæðinu. Þar er íþróttaþema allsráðandi. Nemendur og kennarar í myndlist lögðust á eitt og útkoman er frábær útimyndlistarsýning.

Það er líka gaman að segja frá því að fyrrum nemandi okkar á listalínunni, Þóranna Ýr Guðgeirsdóttir hefur unnið að veggjalist víðs vegar um Selfoss.

Það er stefna okkar að miðla verkum nemenda sem víðast og til þess höfum við vefsíðu á Facebook sem heitir FSu myndlist, nýsköpun og miðlun. Þar má sjá úrval verka úr þeim áföngum sem við kennum. Bæði þjónar síðan sem kennsluefni og ekki síður fyrir listunnendur að njóta.

Myndlistarkennarar FSu
Lísa, Ágústa og Anna Kristín

„Er þetta ekki viðurstyggileg framkoma?“

Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata, flutti á dögunum erindi á ráðstefnu Matthildar – samtaka um skaðaminnkun, þar sem hún ræddi um stríðið gegn vímuefnum og kallaði eftir róttækum samfélagslegum og efnahagslegum breytingum til framtíðar. Halldóra sagði núverandi refsistefnu, sem refsar fólki fyrir vímuefnafikn í stað þess að veita því nauðsynlega heilbrigðisaðstoð, vera viðurstyggilega framkomu.

Stríðið gegn vímuefnum og skaðleg refsistefna

Í erindi sínu fjallaði Halldóra um sögu stríðsins gegn vímuefnum og velti fyrir sér hvers vegna því væri haldið áfram þrátt fyrir að hafa engum árangri skilað: „Í skugga refsistefnunnar hefur neysla vímuefna aukist jafnt og þétt og vandamálum tengt neyslunni hefur fjölgað gríðarlega. Það ætti að vera öllum ljóst að núverandi stefna er í besta falli gagnslaus og í versta falli skaðleg,“ sagði Halldóra.

Ráðstefnan var haldin á vegum Matthildar, samtaka um skaðaminnkun, en samtökin hafa beitt sér gegn sömu refsistefnu og þeirri sem Halldóra gagnrýndi í erindi sínu [sjá t.d. umfjallanir hér og hér].

„Samfélagið ætlar að „aðstoða“ vímuefnafikla með því að gera þau að glæpamönnum, jaðarsetja þau, segja þeim að þau séu biluð. Þeim er meinaður aðgangur að því sem þau þurfa mest á að halda; kærleik, hlýju, skilning, – þau þarfnast hópsins síns en við útskúfum þau. Ef við hugsum um þetta, raunverulega veltum þessu fyrir okkur… er þetta ekki viðurstyggileg framkoma samfélagsins í garð manneskju sem óskar sér einskis meir en að lina þjáningar sínar?“

Rót vandans felst í grunnstoðum samfélagsins

Halldóra sagðist telja rót vandans leynast í grunnstoðum samfélagsins, í hugmyndunum sem við höfum um eðli mannverunnar: „Við höfum látið sannfærast um að besta mögulega samfélagsgerðin verði að grundvallast á samkeppni einstaklinga þar sem eins dauði er annars brauð, einn vinnur og annar tapar. Við erum í raun ekki samfélag, samkvæmt þessu, heldur hópur einstaklinga – og við berum aðeins ábyrgð á sjálfum okkur.“

Þessi hugmynd um mannlegt eðli á sér ekki stoð í raunveruleikanum, sagði Halldóra: „Við erum hópdýr. Við lifðum af og þróuðumst sem hópur; við gátum drepið stærri bráð saman, við vorum öruggari saman. En aldrei í sögunni höfum við verið jafn sundruð og ótengd því sem veitir okkur öryggi, tilgang og von eins og í nútímasamfélagi. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að mörgum líði illa.“

Róttækra breytinga er þörf

Lausnin á vandamálinu verður að vera róttæk, sagði Halldóra. „Við þurfum hætta að láta öll ríkisfjármálin snúast um að keyra upp hagvöxtinn, hámarka neyslu og framleiða meira óháð áhrifunum sem það hefur á umhverfið og líf fólks.

Í staðin ættum við að horfa til fleiri þátta: er auðvelt að eignast húsnæði? Er umhverfið heilsusamlegt? Er menntakerfið gott? Er mikil lýðræðisleg þátttaka? Hvernig er geðheilbrigði þjóðarinnar? Sofum við nóg? Höfum við tíma og getu til að mynda heilbrigð og djúp tengsl? Upplifum við tilgang? Erum við í tengslum við náttúruna?“

RISA PRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

SÍMI 482 1944
SELFOSS@PRENTMETODDI.IS
WWW.PRENTMETODDI.IS

ATVINNA

Sjúkraþjálfarar óskast til starfa

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Tvær stöður sjúkraþjálfara eru lausar til umsóknar. Starfshlutfall er 80% og 100%. Starfið er fjölbreytt, auk hefðbundinnar sjúkraþjálfunar felur það í sér kennslu í hóptímum, fræðslu, útigöngur og þátttöku í þverfaglegu teymisstarfi.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum og einnig er starfsmannarúta til og frá Olís við Rauðavatn, í Reykjavík.

Viðkomandi þurfa að hafa íslenskt starfsleyfi, góða íslenskukunnáttu, góða samskiptahæfileika og faglegan metnað

Nánari upplýsingar veita Aldís Eyjólfsdóttir mannauðsstjóri, aldis@heilsustofnun.is og Steina Ólafsdóttir yfirsjúkraþjálfari, steina@heilsustofnun.is, s. 483 0300.

Umsóknarfrestur er til 30. september. Umsóknir berist til Aldísar Eyjólfsdóttur mannauðsstjóra aldis@heilsustofnun.is.

STOFNUN ÁRSINS 2021

Frá Háskólafélagi Suðurlands og Hreiðrinu

Frumkvöðlahádegishittingur

Í vetur munu Háskólafélag Suðurlands og Hreiðrið frumkvöðlasetur standa fyrir mánaðarlegum frumkvöðlahittingi í hádeginu, fyrsta miðvikudag í mánuði. Fundirnir eru tækifæri til að heyra frá og ræða við Sunnlendinga sem tengjast frumkvöðlasenunni og atvinnulífinu almennt. Fundirnir eru haldnir í Fjölheimum á Selfossi og eru líka í streymi á Facebook.

Fjóla S. Kristinsdóttir bæjarstjóri Árborgar reið á vaðið á fyrsta hittingnum sem haldinn var miðvikudaginn 7. september og fór yfir fyrirhugaða vinnu við atvinnu- og nýsköpunarstefnu Árborgar. Fjóla lýsti því yfir að þessi stefna væri mjög mikilvæg fyrir sveitarfélagið til lengri tíma og kallaði eftir samtali og samvinnu um gerð hennar frá íbúum, fyrirtækjum og öðrum hagaðilum í Árborg. Það verður spennandi að fylgjast með þeirri vinnu og afrakstri hennar.

Viðburðurinn var vel sóttur, bæði á staðnum sem og í beinu streymi og sköpuðust góðar umræður. Upptöku frá fyrsta fundinum má finna inni á fésbókarsíðu Hreiðursins, www.facebook.com/Hreidrid.frumkvodlasetur.

Næsta frumkvöðlahádegi verður miðvikudaginn 5. október og er þemað „Ungir atvinnurekendur“. Gestir fundarins eru þau Linda Rós Jóhannesdóttir eigandi Studio Sport og þeir Kjartan Ásbjörnsson og Guðmundur Helgi Harðarson eigendur GK bakarís. Þau munu segja okkur frá því hvers vegna þau tóku stökkið og gerðust atvinnurekendur og fræða okkur um helstu áskoranir tengdar því. Við hvetjum alla áhugasama um atvinnulíf og nýsköpun til að mæta, fræðast og taka þátt í umræðum.

Brynja Hjálmtýsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá Háskólafélagi Suðurlands.

Hvetja, styrkja, þjálfa, meta og brosa

Langar þig að þjálfa þig í ræðumennsku? Viltu styrkja þig í framkomu? Mánudaginn 19. september verður Powertalkdeildin Jóra með kynningarfund í Selinu á Selfossi, kl. 20-22. Á kynningarfundi verður sagt frá starfi Powertalk ásamt fundarhaldi. Félagar deildarinnar eru 10 talsins en nýr félagi verður innsettur von bráðar. Powertalksamtökin bjóða þjálfun á eigin hraða í fundarstjórn, tímastjórnun, hlustun, fundarsköpum, framkomu í ræðustól sem og tileinkun á nefndar- og embættisstörf innan deildar. Ársgjald í Powertalk er ca. 35.000 kr. en hægt er að fá slíkt endurgreitt af stéttarfélögum. Deildin verður 30 ára á árinu og einnig verður 500. fundur deildarinnar haldinn í nóvember. Veitingar verða á kynningarfundinum. Öll frá 16 ára aldri velkomin.

Hella römpuð upp

Í síðustu viku voru á ferðinni starfsmenn á vegum Römpum upp Ísland á Hellu. Í þessari lotu voru rampar settir upp á fimm stöðum, þrír við Miðjuna og tveir við Stracta Hótel Hellu, með það að markmiði að auka aðgengi hreyfihamlaða að þjónustu, verslun og veitingahúsum á Íslandi.

Staðreyndin er sú að aðgengi á Íslandi er oft mjög takmarkandi fyrir hreyfihamlaða. Því er mikilvægt að koma upp römpum eða tryggja aðgengi með öðrum hætti. Ramparnir geta verið jafn misjafnir og þeir eru margir.

Rangárþing ytra þakkar kærlega fyrir framlag verkefnisins til þess að auka aðgengi hreyfihamlaðra á Hellu.

Rangárþing ytra

Starfsmenn Römpum upp Ísland ásamt Margréti Hörpu Guðsteinsdóttur, formanni Byggðarráðs.

ATVINNA Í BOÐI
VERKSTÆÐI

Óskum eftir að ráða manneskju til viðhalds véla, húsa og annarra tilfallandi verkefna.

Æskilegt er að viðkomandi hafi vélstjóraréttindi, vélvirkjaréttindi eða reynslu á þessu sviði. Meirapróf á vörubíla og lyftarapróf er kostur.

Upplýsingar í síma 483 3548 eða á sigrun@hafnarnesver.is

Hafnarnes VER hf.
FISKVINNSLA - ÞORLÁKSHÖFN

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Hlíðarendakot – Deiliskipulagstillaga
Að nýju er auglýst tillaga að deiliskipulagi á ca 26,5 ha svæði í Hlíðarendakoti. Skipulagið gerir ráð fyrir að byggt sé við núverandi íbúðarhús ásamt tveimur heilsárshúsum á sömu lóð auk þess sem að byggingarreitir eru settir í kringum önnur hús á bæjarhlaðinu til mögulegrar stækkunar. Vestan við núverandi bæjarstæði er gert ráð fyrir fimm nýjum íbúðarhúsalóðum. Austan við bæjarstæðið er gert ráð fyrir 3000 m^2 lóð með allt að 4 heilsárshúsum.

Múlakot 1 – Deiliskipulagsbreyting
Skipulagsbreytingin tekur til flugskýla sunnan Fljótshlíðarvegar. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir minni sambyggðum húsum með einhalla þaki, allt að 5,5 m að hæð í staðin fyrir stærri einingar með allt að 6,5 m mænishæð. Hámarksbyggingarmagn breytist ekki.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 14. september nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 26. október nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

GG TRÉ
BYGGIR TIL FRAMTÍÐAR

Við byggjum 28 geymslur/iðnaðarbil að Breiðumýri 3 á Selfossi.

Verð 21,5 m. kr.

Afhendist fullbúið í janúar/febrúar 2023.

Sími 893 4609 - haukur@ggtre.is - www.ggtre.is

FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR

Fundur fulltrúaráðs Festu lífeyrissjóðs

Í samræmi við gr. 5.4 í samþykktum Festu lífeyrissjóðs, boðar stjórn lífeyrissjóðsins til fundar í fulltrúaráði sjóðsins mánudaginn 26. september nk. á Grand Hótel, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Fundarstörf hefjast kl. 17:00. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum.

Dagskrá fundarins:
1. Setning fundar
2. Kynning á afkomu Festu lífeyrissjóðs m.v. 30.06.2022
3. Kynning á framvindu og fylgni við fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Önnur mál

Stjórn Festu lífeyrissjóðs

Aukaársfundur 2022

Aukaársfundur Festu lífeyrissjóðs 2022 verður haldinn mánudaginn 26. september nk. á Grand Hótel, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Fundarstörf hefjast kl. 17:30. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum.

Dagskrá fundarins
1. Samþykktabreytingar
2. Önnur mál

Stjórn Festu lífeyrissjóðs

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

Fríða Hansen
& hljómsveit
í Tryggvaskála

Fimmtudagskvöld 22.9

Hljómsveitina skipa
Stefán Þorleifsson
Sveinn Pálsson
Róbert Dan
Bergmundsson

Sérlegur hátíðarmatseðill
þetta eina kvöld!

Tónleikar hefjast 21:00
Miðaverð 3.900
Miðasala á staðnum

Stórtónleikar Jónasar Sig og Lúðrasveitar Þorlákshafnar

Í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá því platan Þar sem himin ber við haf kom út ætla Jónas Sig og Lúðrasveit Þorlákshafnar að blása til glæsilegra tónleika í Háskólabíói 11. nóvember.

Mörgum kann að finnast það ótrúlegt að það séu liðin 10 ár frá því þessi hópur hélt þrenna uppselda útgáfutónleika í Reiðhöll Guðmundar í Þorlákshöfn, þar sem um 1200 manns komu og sáu. Í framhaldinu fóru fjölmörg lög á flug sem tilheyra plötunni, en þar má nefna Hafið er svart, Þyrnigerðið og Fortíðarþrá.

Á tónleikunum fyrir 10 árum var einnig sýnt grafískt listaverk unnið af Þórarni Friðrikssyni sem hefur síðan þá þróað það enn frekar og unnið í samstarfi við Egil Kristbjörnsson. Það mun án efa njóta sín einstaklega vel á stóra skjánum í Háskólabíói.

Ásamt Jónasi Sig og Lúðrasveit Þorlákshafnar koma fram þeir Ómar Guðjónsson á gítar, bassaleikarinn Guðni Finnsson, Arnar Þór Gíslason spilar trommur og Tómas Jónsson leikur á hljómborð, sannkölluð veisla bæði fyrir augu og eyru!

Summa & Sundrung

Laugardaginn 17. september kl. 15 opnar ný sýning í Listasafni Árnesinga undir yfirskriftinni Sums & Differences en sýningin sem heitir Summa & Sundrung á íslensku er samvinnuverkefni Listasafns Árnesinga og Brno House of Arts – Vasulka Kitchen Brno styrkt af Thoma Foundation, Safnaráði, BERG Contemporary, Uppbyggingarsjóði Suðurlands, Vasulka Foundation, Hveragerði, Mennta- og menningarmálaráðuneyti Tékklands og Brno borg.

Safnið fékk meðal annars veglegan styrk frá ameríska sjóðnum Thoma Foundation sem hefur ekki styrkt nein önnur verkefni á Íslandi sem safnstjórinn veit um, þannig að það er mikill heiður. Sýningin mun





ferðast til Tékklands á næsta ári, svo til Ungverjalands, þá til Póllands og enda í Bandaríkjunum 2025.

Hvolsvöllur rampaður upp

Starfsmenn Römpum upp Ísland hafa verið við vinnu á Hvolsvelli í september en fimmtudaginn 8. september luku þeir við síðasta rampinn í þessari lotu.

Fyrirtækin Björkin, Búvöruverslun SS, Hárgreiðslustofan Dís og Midgard hafa nú verið römpuð upp og eru því öllum aðgengileg. Rangárþing eystra hefur einnig ákveðið að fylgja í kjölfarið og rampa upp við starfsstöð VISS og við skrifstofu sveitarfélagsins að Austurvegi 4 en þar þarf fyrst að fara fram meiri hönnunarvinna sem nú þegar er farin af stað.

Fyrir utan Búvöruverslun SS á Hvolsvelli.

prentmet Oddi

heildarlausnir í prentun

Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu
og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Umbúðir
Almenn prentun
Bækur
Límmiðar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

prentmetoddi.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA FEBSEL
í Grænumörk, Selfossi.
Opið 15. sept. kl. 13:00.

STÓLAJÓGA
miðvikudaga kl. 13:10-14:00.

HEILSUEFLING 60+
Íþróttavelli/Selfosshöllin
þriðjudaga- og fimmtudagsmorgna kl. 9:30 og 10:30.

BOCCIA
Íþróttahúsinu Iðu
mánudaga og föstudaga
kl. 10:15

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

KRANAVINNA
GRÖFUVINNA
25 ÁRA REYNSLA
Diddi S. 861 4966

Þarftu snyrtingu fyrir hundinn þinn?
Ég var að opna stofu í Urriðalæk 13, 800 Selfoss
Sími 6869790 - Klara
fb.com/hundasnyrtir.is

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Er eitthvað að frétta?
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 18. september kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Batamessa kl. 17:00. Batamessan er í samstarfi við 12 spora starfið í Selfosskirkju og vini í bata. Prestur Guðbjörg Arnardóttir. Messan er öllum opin.

Sunnudagaskóli kl. 11:00 umsjón Sjöfn Þórarinsdóttir ásamt leiðtogum.

Morgunbænir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15. Kyrrðarstund miðvikudaga kl. 17.00.

Sjáið allt um safnaðarstarf Selfosskirkju inn á selfosskirkja.is.

Hveragerðiskirkja
Kvöldmessa kl. 20. Ljúf og notaleg stund. Kirkjukórinn syngur, prestur sr. Ninna Sif.

Hrepphólakirkja
Kirkjuskóli laugardaginn 17. september kl. 11. Mýsla, Rebbi, Biblíusaga og mikill söngur. Hlökkum til að sjá ykkur. Óskar og Jóna.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 17. september. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12, ræðu hefur Eric Guðmundsson. Verið velkomin.

BÍLAR

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR ehf.
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
HEKLA
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

ATVINNA

HM
Starfsmaður óskast.
Upplýsingar á staðnum.
Worker needed, full-time position. Visit garage for information.
Hjólbarðaþjónusta Magnúsar Gagnheiði 25 Selfoss.

Fjölskylduskátar Fossbúa

Fjölskylduskátar eru nýjung í skátastarfi Fossbúa, ætluð fjölskyldum barna undir 10 ára. Yfirskrift fjölskylduskáta er ævintýri, náttúra og samvera. Fullorðnir og börn eiga samverustundir í náttúrunni með það markmið að styrkja fjölskyldutengsl og efla sjálfstæði barnanna. Foreldrar og aðrir fjölskyldumeðlimir taka virkan þátt í dagskrá hvers fundar og leysa fjölbreytt verkefni af hendi sem fjölskylda. Dagskráin er miðuð út frá getu barna á aldrinum 3-9 ára en eldri og yngri systkini eru velkomin með.

Fundir eru annan hvern laugardag klukkan 10:00-12:00 og fara nánast alltaf fram utandyra. Því er mikilvægt að allir fjölskyldumeðlimir klæðist eftir veðri. Flestir fundir fara fram á Selfossi en nákvæm staðsetning er mismunandi eftir dagskrá hvers fundar. Upplýsingar um hvern fund koma með góðum fyrirvara í Sportabler appið. Þetta er kjörið tækifæri fyrir foreldra að kynnast skátastarfi enda er aldrei of seint að byrja í skátunum.

Fyrsti fundur Fjölskylduskátanna verður laugardaginn 24. september klukkan 10:00 við skátaheimili Fossbúa, Tryggvagötu 36, Selfossi. Eitt gjald er fyrir hverja fjölskyldu óháð fjölda fjölskyldumeðlima, kr. 10.000 fyrir veturinn 2022-2023. Skráning fer fram á staðnum. Skátaforingi er Vala Hauksdóttir.

Ráðherra heimsótti Sunnlendinga

Á dögunum heimsótti Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra Suðurlandið og kom meðal annars við í Fjölheimum í fylgd Fjólu S. Kristinsdóttur bæjarstjóra Árborgar, Braga Bjarnasyni forseta bæjarstjórnar og Sveini Æ. Birgissyni úr bæjarstjórn, þar sem hún hitti fulltrúa HfSu og Orkídeu. Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri HfSu, kynnti starfsemi félagsins og hugmyndir um eflingu háskólanáms og aðstöðu til nýsköpunar í greinum tengdum atvinnulífinu á svæðinu. Mjög góðar samræður spunnust um möguleika svæðisins og ljóst að margt spennandi er í pípunum.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn meðhöndlun
Yoga nidra
Djúp slökun
Betri svefn
Fræðsla og léttleiki
Ragnhildur Sigurðardóttir farsími 693 2197
Cand.mag. í íþróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Aðalsafnaðarfundur Stokkseyrarkirkju 2022

Aðalsafnaðarfundur Stokkseyrarkirkju verður haldinn fimmtudaginn 22. september 2022 kl. 20:00 í safnaðarheimilinu Hafnargötu 10, Stokkseyri.

Venjubundin aðalfundarstörf.

Safnaðarstjórnin

Ágætu íbúar á Selfossi DÓSASÖFNUN Sunddeildar UMFSelfoss verður laugardaginn næsta 17. september

Þið getið klippt þennan miða út úr blaðinu til að merkja pokana. Vinsamlega setjið pokana nálægt gangstéttinni þannig að þeir verði sýnilegir frá götunni. Vaskir sundiðkendur munu síðan frá 10:30 koma og tína upp pokana.

Kveðja, krakkarnir úr sunddeildinni og stjórnin.

Upplýsingar í síma 861 9105

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýsing um niðurstöðu bæjarstjórnar Árborgar vegna tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2020-2036.

Niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar er auglýst í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarfélagið Árborg hefur haft til meðferðar tillögu að endurskoðun á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 20.10.2021, að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsstofnun var í kjölfar samþykktar bæjarstjórnar send tillaga til yfirferðar, og gerði stofnunin í bréfi dags. 16.12.2021 nokkrar athugasemdir, sem var brugðist við. Tillagan var auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga, í Lögbirtingablaði, Fréttablaðinu, Dagskránni miðvikudaginn 16.3.2022 og var veittur frestur til athugasemda til og með 27.4.2022. Tillagan var einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins Árborgar auk tengingar við vefsvæði ráðgjafafyrirtækisins Eflu.

Borist hafa umsagnir frá lögboðnum umsagnaraðilum auk nokkurra frá almennum borgurum. Gerðar hafa verið óverulegar breytingar á tillögu í kjölfar ábendinga og athugasemda umsagnaraðila og almennrar borgara í kjölfar auglýsingar, og taldi bæjarstjórn Árborgar athugasemdir og ábendingar vera þess eðlis að ekki þætti ástæða til að auglýsa tillöguna að nýju.

Bæjarstjórn Árborgar tók til afgreiðslu dags. 22.6.2022, að lokinni auglýsingu tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, og var eftirfarandi bókað:

Tillaga frá 1. fundi skipulags- og byggingarnefndar frá 15. júní sl. liður 2. Tillaga um endurskoðun aðalskipulags Árborgar 2010-2030 Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 20.10.2021, að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsstofnun var í kjölfar samþykktar bæjarstjórnar send tillaga til yfirferðar, og gerði stofnunin í bréfi dags. 16.12.2021 nokkrar athugasemdir, sem var brugðist við. Tillagan var auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga, í Lögbirtingablaði, Fréttablaðinu, Dagskránni miðvikudaginn 16.3.2022 og var veittur frestur til athugasemda til og með 27.4.2022. Tillagan var einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins Árborgar auk tengingar við vefsvæði ráðgjafafyrirtækisins Eflu. Borist hafa umsagnir frá lögboðnum umsagnaraðilum auk nokkurra frá almennum borgurum. Í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010, liggur fyrir fundi skipulags- og byggingarnefndar samantekt á athugasemdum og einnig tillögur að svörum við athugasemdum og ábendingum. Gerðar hafa verið óverulegar breytingar á tillögu í kjölfar ábendinga og athugasemda umsagnaraðila og almennrar borgara. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Nefndin taldi að þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillögu eftir að auglýsingu lauk, séu ekki þess eðlis að auglýsa skuli að nýju. Skipulags- og byggingarnefnd lagði til við bæjarstjórn Árborgar að tillagan yrði samþykkt í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010, og feli skipulagsfulltrúa að svara þeima athugasemdum og ábendingum sem fram hafa komið, og senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 1. og 2. mgr. 32.gr. skipulagslaga.

Bragi Bjarnason, D-lista, Arnar Freyr Ólafsson, B-lista og Sigurjón V. Guðmundsson, S-lista taka til máls. Bæjarstjórn Árborgar samþykkir samhljóða með 11 atkvæðum í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Bæjarstjórn Árborgar telur að þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillögu eftir að auglýsingu lauk, séu ekki þess eðlis að auglýsa skuli að nýju. Bæjarstjórn Árborgar samþykkir samhljóða með 11 atkvæðum að fela skipulagsfulltrúa að svara þeima athugasemdum og ábendingum sem fram hafa komið, og senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 1. og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Skipulagsfulltrúi f.h. bæjarstjórnar Árborgar hefur svarað athugasemdum og þeim ábendingum sem bárust frá almennum borgurum og umsagnaraðilum.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi Árborgar

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2666 Fimmtudagur 15. september 2022

Stjórnunar- og verndaráætlun Geysissvæðisins staðfest

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Sigríður Svana Helgadóttir settur skrifstofustjóri í ráðuneytinu, Inga Dóra Hrólfsdóttir, sviðsstjóri, Þórdís Björt Sigþórsdóttir, teymisstjóri og Valdimar Kristjánsson, sérfræðingur sem öll starfa hjá Umhverfisstofnun. Þau þrjú síðastnefndu undirrituðu samninginn auk ráðherra.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra tóku þátt í athöfn við Geysi á mánudag, þar sem Guðlaugur Þór staðfesti stjórnunar- og verndaráætlun Geysissvæðisins.

Geysissvæðið í Haukadal var friðlýst 17. júní árið 2020. Það er eitt þekktasta goshverasvæði jarðar og er einstakt á heimsvísu, en friðlýsingin á að tryggja vernd jarðminja, örvera og gróðurs. Geysissvæðið nýtist jafnframt til vísindarannsókna og fræðslu, ásamt því að bjóða upp á möguleika til útivistar og ferðaþjónustu, en í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins er m.a. fjallað um fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna.

„Friðlýsing Geysissvæðisins var mikilvægt skref í náttúruvernd á Íslandi, enda er svæðið einstakt og náttúran stórbrotin. Verndaráætlunin sem er staðfest í dag tryggir að komandi kynslóðir fái að njóta svæðisins eins og við fáum að gera í dag," sagði Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra í tölu sinni við undirritunina.

Mikilvægt er að tryggja verndargildi svæðisins

Stjórnunar- og verndaráætlun er höfð sem eins konar leiðarljós fyrir þá aðila sem stýra svæðinu, sem og þá sem vilja vera þar með starfsemi eða þurfa samþykki fyrir aðgerðum og viðburðum.

„Í stjórnunar- og verndaráætluninni eru kynntar leiðir til að tryggja að markmið friðlýsingarinnar nái fram að ganga. Við uppbyggingu innviða á að taka tillit til deiliskipulags sem byggir á vinningstillögu „Hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins í Haukadal" sem nú er unnið að fullnaðarhönnun á og á uppbygging innviða á svæðinu að leiða gesti um svæðið og tryggja að verndargildi þess haldist," segir Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra:

Ómetanleg náttúra og menningarminjar

Fjölmargir hverir og laugar eru á Geysissvæðinu og eru goshverirnir Geysir og Strokkur þeirra þekktastir. Á svæðinu er einnig hverahrúður á stóru samfelldu svæði, sem og yfir 125 tegundir háplantna og yfir 20 mosategundir. Einnig eru þekktar menningarminjar á svæðinu, en við síðustu ríkisstjórnarskipti fluttist málaflokkur menningarminja til umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins.

Eru konungssteinarnir þrír sem reistir voru til minja um heimsóknir þeirra Kristjáns IX árið 1874, Friðriks VIII árið 1907 og Kristjáns X árið 1921 þeirra þekktastar.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

TAXI SELFOSSI
482-3800

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FYLGD Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Pípulagnir Júlla
Öll almenn pípulagnavinna - www.pipulagnirjulla.is
ornja@btnet.is - Sími 772 1456

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is